

T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um
þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur, Örnú Grétarsdóttur, Axel Árnasyni Njarðvík,
Bryndísi Möllu Elíddóttur, Guðbjörgu Arnardóttur, Guðmundi Þór Guðmundssyni,
Guðrúnu Karls Helgudóttur, Hildi Ingu Rúnarsdóttur, Hreiðari Erni Stefánssyni, Hreini S.
Hákonarsyni, Jónínu Ólafsdóttur, Ólöfu Margræti Snorradóttur og Skúla S. Ólafssyni
Frsm.:

1. gr.

Við 12. gr. starfsreglnanna bætast tvær nýjar málsgreinar á eftir 1. mgr. svohljóðandi, og breytist röð annarra málsgreina samkvæmt því:

Við kjör til kirkjuráðs samkvæmt 1. mgr. skal kosið sérstaklega um hvert sæti aðalmanns og varamanns í kirkjuráði. Skal kosningin vera skrifleg. Sá er réttkjörinn kirkjuráðsmaður sem hlýtur meiri hluta gildra atkvæða miðað við fullskipað kirkjuþing. Atkvæði skal meta ógilt ef kjörseðill er auður. Ef enginn fær meiri hluta gildra atkvæða, skal kosið að nýju um þá tvo sem fengu flest gild atkvæði. Ef fleiri en tveir fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða um hverja tvo skuli kosið. Verði atkvæði þá jöfn skal hlutkesti ráða.

Verði guðfræðingur eða leikmaður kosinn í kirkjuráð, sem ekki á sæti á kirkjuþingi, skal hlutaðeigandi, til að hljóta kjör, vera kjörgengur til kirkjuþings samkvæmt gildandi starfsreglum um kjör til kirkjuþings hverju sinni.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. mgr. 21. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð eða athugasemdir við tillögu þessa

Það þykir í þágu lýðræðis við almennar kosningar að taka upp þingræðisreglu innan þjóðkirkjunnar. Í reglunni felst að þeir einir geti setið í kirkjuráði á hverjum tíma sem meiri hluti kirkjuþings styður, enda sækja kjörnir fulltrúar í kirkjuráði umboð sitt til kirkjuþingsins og bera ábyrgð gagnvart þinginu. Með þessu móti eru reglur um kjör til kirkjuráðs samræmdar betur öðrum reglum kirkjunnar þar sem um er að ræða kjör til trúnaðarstarfa. Þar er einkum átt við kjör til embætta biskups Íslands, vígslubiskupa, sóknarpresta og presta í prestaköllum. Einnig má nefna kjör til sóknarnefnda og kjörnefnda. Sá einn getur orðið sóknarprestur eða prestur í prestakalli, sem hefur meiri hluta gildra atkvæða fullskipaðrar kjörnefndar á bak við sig. Er lagt til að hið sama gildi um kjörna fulltrúa í kirkjuráði og að miðað sé við fullskipað þing við skilgreiningu á meiri hluta. Til skýrleika er lagt til að kosið verði sérstaklega um hvert sæti. Slíkt fyrirkomulag ætti enn fremur að auðvelda fulltrúum á kirkjuþingi að gæta

sérstaklega að framfylgd ályktunar kirkjuþings 2017 um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn (sem þýðir að a.m.k. einn aðalmaður í kirkjuráði skal vera á aldrinum sextán til þrjátíu ára og að a.m.k. einn í röð varamanna sömuleiðis). Enn fremur auðveldar þetta fyrirkomulag kirkjuþingsfulltrúum að framfylgja þingsályktun kirkjuþings 2017 um jöfn hlutföll kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum innan þjóðkirkjunnar svo og jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar frá 2009, með síðari breytingum. Verða því samkvæmt tillögunni alls átta umferðir kosninga til kirkjuráðs að fara fram, þ.e. fjórar til að kjósa aðalmenn og fjórar til að kjósa varamenn. Talið er glegggra fyrir kirkjuþingsmenn að kjósa með þessum hætti. Árið 2010 var kosið um guðfræðinga og leikmenn í kirkjuráð og varamenn þeirra í einni skriflegri kosningu. Árið 2014 var hins vegar kosið fyrst um sæti aðalmanna úr röðum guðfræðinga og leikmanna í sérstakri kosningu og síðan voru varamenn guðfræðinga og leikmanna kosnir sérstaklega.

Um einstakar greinar tillögunnar

Um 1. gr.

Lagt er til að tekin verði upp sú regla að kjósa sérstaklega um hvert sæti kjörinna fulltrúa í kirkjuráði. Það þykir rétt, með hliðsjón af þýðingarmikilli stöðu kirkjuráðs í stjórnkerfi kirkjunnar og því að ráðið sækir umboð sitt að mestu til kirkjuþings, að sú staða geti komið upp að kirkjuráðsmaður sitji í ráðinu með minni hluta atkvæða fullskipaðs kirkjuþings að baki. Orðalag ákvæðisins tekur mið af 15. gr. starfsreglna um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017 hvað varðar kosningar til embætta vígslubiskupa og biskups Íslands og enn fremur orðalagi 8. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016. Lagt er til að kirkjuráðsfulltrúar verði að hafa meiri hluta gildra atkvæða fullskipaðs kirkjuþings á bak við sig til að hafa raunverulegt umboð þingsins til starfa og þar með traust þingsins einnig.

Um 2. gr.

Lagt er til að starfsreglurnar öðlist gildi þegar í stað.

Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt tillögu þessarar feli kostnað í sér fyrir kirkjuna.